

## 2.3.2018 - Stjórnarfundur

Leiðsögn - Stjórnarfundur 02.03.2018

Eftirfarandi mættu á stjórnarfund Indriði H Þorláksson, Vilborg Anna, Kári Jónasson, Pétur Gauti og Þorsteinn S McKinstry

1. Uppsögn kjarasamninga, niðurstaða ASÍ rædd. Formaður greindi frá niðurstöðu fundarinnis. Kalla saman fund í trúnaðarráði til undirbúnings kjarabaráttu. Skerpa þarf á hugtökum um mun á hlutverkum hópstjóra, fararstjóra og leiðsögumans. Setja fram skýringu sem greinir á milli hvað varðar hlutverk, ábyrgð og menntun.
  2. Fagdeild almenn leiðsögn – Málið rætt og skoðað. Fyrirliggjandi ítarlegar og vandaðar tillögur vinnuhóps skoðaðar.
  3. Mál leiðsögumanna hjá Kynnisferða. Mál rædd og leitað lausna sem er í höndum vinnuhóps lsm.K vinnur að. Lausn í sjónmáli.
  4. Leiðsögumenn Arctic Adventure samstæðu kjaramál og ráðningasamningar. Skoðun á starfskjörum nokkurra starfsmanna sem virðist ekki uppfylla almenn skilyrði kjarasamninga. Lögfræðilegir rágjafar Leiðsagnar eru með málið í skoðun sem virðist mun alvarlegra en í fyrstu sýndist.
  5. Lögfræðiráðgjöf og milliganga um lögfræðing fyrir félagið. Könnunarviðræður eru við Lagastoð sem eru tilbúnir að taka mál félagsins að sér.
  6. Undirbúningur fyrir aðalfund. Boða til aðalfundar þann 12. Apríl. Fela skrifstofu að senda félagsmönnum tölvupóst og auglýsa á heimasíðu fyrirvara um fresti vegna lagabreytinga og framboða í trúnaðarstöður. Ræddar uppfærslur á styrkjum og hugmyndir að lagabreytingum frá stjórn. Skoða þarf hvort æskilegt sé að gera tryggingafræðilega úttekt á sjóðum félagsins þar sem það á við. Staða stjórnarmeðlima rædd hverjir sitji áfram og hvaða sæti losni hugsanlega
  7. Trúnaðarmál
  8. Starfsmannamál umræða um endurskoðun fyrirkomulags skrifstofu. Hugmyndir ræddar og kostir metnir. Nauðsyn að móta stefnu til lengri tíma.
  9. Erindi frá fræðslunefnd um ferð um suðurland undir leiðsögn Páls Einarssonar jarðfræðings með áherslu á almannavá vegna náttúruhamfara og áhugaverðrar jarðfræði. Tillaga samþykkt og málið sett í hendur fræðslunefnd.
  10. Senda út fréttatilkynningu/grein/ályktun þar sem tekið er á öryggismálum í ferðaþjónustu fagmentun leiðsögumanna í ljósi nýorðinna atvika. Sendi 2-3 fulltrúa í nefnd um langtímaáætlun um náttúru og menningaminja á vegum umhverfisráðuneytis.
- Fundarritari ÞSM/þsm